

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 4/2007**

**frá 27. apríl 2007**

**um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar  
reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) I. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 142/2006 frá 8. desember 2006 <sup>(1)</sup>.
- 2) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 147/2006 frá 8. desember 2006 <sup>(2)</sup>.
- 3) Fella ber inn í samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins nr. 396/2005 frá 23. febrúar 2005 um hámarksgildi fyrir varnarefnaleifar í eða á matvælum og fóðri úr plöntu- og dýraríkinu og um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE <sup>(3)</sup>.
- 4) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 178/2006 frá 1. febrúar 2006 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar skrá í I. viðauka yfir matvæli og fóðurvörur sem falla undir ákvæði um hámarksgildi fyrir varnarefnaleifar <sup>(4)</sup>.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

*1. gr.*

I. og II. viðauki við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi liður bætist við á eftir 39. lið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 316/2003) í II. kafla I. viðauka við samninginn:
  - „40. **32005 R 0396**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins nr. 396/2005 (EB) frá 23. febrúar 2005 um hámarksgildi fyrir varnarefnaleifar í eða á matvælum og fóðri úr plöntu- og dýraríkinu og um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE (Stjtið. ESB L 70, 16.3.2005, bls. 1), eins og henni var breytt með:
    - **32006 R 0178**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 178/2006 frá 1. febrúar 2006 (Stjtið. ESB L 29, 2.2.2006, bls. 3).“

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 89, 29.3.2007, bls. 8, og EES-viðbætur nr. 15, 29.3.2007, bls. 6.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 89, 29.3.2007, bls. 17, og EES-viðbætur nr. 15, 29.3.2007, bls. 13.

<sup>(3)</sup> Stjtið. ESB L 70, 16.3.2005, bls. 1

<sup>(4)</sup> Stjtið. ESB L 29, 2.2.2006, bls. 3.

2. Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 54zzx (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 627/2006) í XII. kafla II. viðauka við samninginn:
- „54zzy. **32005 R 0396**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 frá 23. febrúar 2005 um um hámarksgildi fyrir varnarefnaleifar í eða á matvælum og fóðri úr plöntu- og dýraríkinu og um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE (Stjtíð. ESB L 70, 16.3.2005, bls. 1), eins og henni var breytt með:
- **32006 R 0178**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 178/2006 frá 1. febrúar 2006 (Stjtíð. ESB L 29, 2.2.2006, bls. 3).“
3. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 12a (tilskipun ráðsins 91/414/EBE) í XV. kafla II viðauka við samninginn:
- „– **32005 R 0396**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 (Stjtíð. ESB L 70, 16.3.2005, bls. 1).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerða (EB) nr. 396/2005 og 178/2006, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 28. apríl 2007 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 27. apríl 2007.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**A. Seatter**

formaður.

---

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.